

Lög SAMORKU

1. gr. - Heiti

Samtökin heita Samorka. Starfssvæði þeirra er landið allt, en heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. - Starfssvið og tilgangur

Samorka starfar á fagsviðum raforku, þar á meðal framleiðslu og sölu, raforkuflutnings og -dreifingar; auk hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu. Tilgangur samtakanna er:

1. Að stuðla að framgangi sameiginlegra áhuga- og hagsmunamála félaga þess.
2. Að gæta hagsmuna félaga og koma fram fyrir hönd þeirra í málum, sem æskilegt er að þeir standi að sem einn aðili.
3. Að safna gögnum og upplýsingum, sem varða starfssvið SAMORKU og einstakra félaga þess.
4. Að efna til og taka þátt í mótum og ráðstefnum, þar sem fjallað er um sameiginleg mál félaga eða mál er varða einstök fagsvið samtakanna.
5. Að halda uppi tengslum og samskiptum við hliðstæð samtök og stofnanir, innlendar og erlendar, og veita stjórnvöldum og öðrum aðilum upplýsingar og um-sagnir.
6. Að stuðla að rannsóknum og miðla upplýsingum og fræðslu til félaga sinna og stjórnvalda.
7. Að bæta hag og öryggi notenda er tengjast veitukerfum félaga, m.a. með því að veita þeim hag-nýtar upplýsingar.
8. Að stuðla að traustum og hagkvæmum rekstri þeirrar starfsemi sem félagar stunda.
9. Að standa fyrir og kynna sameiginleg sjónarmið við virkjun og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda landsmanna.
10. Að styðja við menntun og framþróun menntunar á starfssviðum aðildarfélaga samtakanna.

3. gr. - Félagar

Félagar geta orðið þau fyrirtæki er lúta raforkulögum, annast vinnslu, flutning, dreifingu eða sölu á heitu vatni, hitaorku, neysluvatni eða starfsemi fráveitu.

Fyrirtæki sem hafa rekstur á fleiri en einu fagsviði teljast einn félagi. Þar sem í lögum þessum er áskilnaður um fulltrúa frá öllum fagsviðum s.s. í tilnefningarnefnd, stjórn o.s.frv. getur fulltrúi félags með rekstur á fleiri en einu sviði fullnægt umræddum skilyrðum.

4. gr. - Aðild félaga og aukafélaga

Óski nýr aðili inngöngu sem aðalfélagi eða aukafélagi, skal hann senda stjórn SAMORKU skriflega umsókn um aðild.

Aukafélagar geta orðið þau fyrirtæki sem talin eru í 3. gr. og fyrirtæki og opinberar stofnanir sem hafa félagsleg eða fagleg tengsl við þau fagsvið sem Samorka starfar á. Aukafélagar hafa rétt til setu á almennum fundum SAMORKU með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr. - Fundir

Aðalfundur:

Halda skal aðalfund fyrir lok mars ár hvert. Á aðalfundi skal taka fyrir þessi mál og í þessari röð:

1. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrslu stjórnar.
3. Ársreikning ásamt skýrslu endurskoðanda.
4. Fjárhagsáætlun til kynningar.
5. Tillögur um lagabreytingar.
6. Laun stjórnarmanna
7. Tillögur tilnefninganefndar.
8. Kjör stjórnar, stjórnarformanns (annað hvort ár) og endurskoðanda.
9. Kjör í tilnefningarnefnd.
10. Önnur mál.

Aðrir fundir

Stjórn getur kallað saman félagsfund. Félagsfund skal kalla saman, ef félagar, sem fara með minnst 1/3 atkvæða, krefjast þess skriflega. Halda skal fundinn eigi síðar en 30 dögum eftir að slík krafa hefur borist stjórninni.

6. gr. – Undirbúningur og framkvæmd félagsfunda

Félagsfund skal boða með sannarlegum hætti s.s. bréflega eða með tölvupósti. Félagsfund, þ.m.t. aðalfund skal boða með minnst 14 daga fyrirvara.

Stjórn ákveður hvar aðalfundur skuli haldinn og hvenær, sbr. þó 5. gr. varðandi tímamörk. Félagsfundur er lögmætur sé löglega boðað til hans. Fundarstjóri kannar lögmæti fundarins og mætingu og gefur um það skýrslu á fundinum. Fundarstjóri stýrir

fundi, þ. á m. atkvæðagreiðslum og meðferð annarra mála.

Fundarritari heldur fundargerð sem skal undirrituð af fundarstjóra og fundarritara.

7. gr. - Atkvæðisréttur

Við atkvæðagreiðslur fer atkvæðafjöldi hvers félaga eftir félagsgjöldum hans til SAMORKU á yfirstandandi starfsári og skulu atkvæði reiknuð þannig að hvert byrjað % í hlutfalli félagsgjalda gefur eitt atkvæði. Aukafélagar hafa ekki atkvæðisrétt.

8. gr. - Umboð

Hver félagi skal tilkynna stjórn SAMORKU skriflega, fyrir hvern aðalfund, hver eða hverjir fari með umboð hans og atkvæðisrétt. Nefna má til jafnmarga til starfans og félagi hefur atkvæði. Nefni félagi þannig til fleiri en einn, skal sérstaklega tekið fram, hvornig með atkvæðisréttinn skal farið.

Hætti tilnefndur fulltrúi störfum hjá félagi, skal félaginn nefna til nýjan fulltrúa, er störfum gegnir, það sem eftir er umboðstímabilsins, sbr. 1. málsgrein.

Með umboð getur aðeins farið starfsfólk eða fulltrúar í stjórn félaga.

Félagi má ekki fela fulltrúa annars félaga að fara með atkvæði.

9. gr. - Atkvæðagreiðsla

Afl atkvæða ræður úrslitum mála nema annars sé getið í lögum þessum.

10. gr. – Tilnefningarnefnd

Tilnefningarnefnd skal kosin á aðalfundi og í hana eru einungis fulltrúar félaga kjörgengir. Starfstími hennar hefst er kjör hefur farið fram og lýkur er ný nefnd hefur verið kjörin, sbr. 5. gr. 9. tölulið. Í tilnefningarnefnd sitja fimm aðilar og skal að minnsta kosti einn vera frá hverju fagsviði. Nefndin gerir tillögur til fundarins um kjör til stjórnar.

11. gr. - Stjórn og nefndir

Aðalfundur kysir sjö einstaklinga í stjórn, formann sem kosinn skal sérstaklega, sex meðstjórnendur, sem kosnir skulu sameiginlega, og þrjá varamenn sem einnig skulu kosnir sameiginlega. Meðal stjórnar- og varamanna skal vera að minnsta kosti einn frá hverju fagsviði og allir úr hópi starfsfólks félaga. Félög sem greiða yfir 15% af heildar árgjöldum til SAMORKU, miðað við næstliðið starfsár, skulu hafa rétt til að tilnefna einn stjórnarmannanna sjö, auk sérstaks varamanns viðkomandi stjórnarmanns, sem komi ekki úr hópi fyrrnefndra þriggja varamanna. Séu báðir fulltrúar viðkomandi félags forfallaðir á stjórnarfundum á viðkomandi félag rétt á að senda áheyrnarfulltrúa á fundinn, en varamaður með atkvæðisrétt komi úr hópi annarra varamanna í stjórn. Ennfremur skal tryggja að a.m.k. einn aðalmaður og einn varamaður í stjórn komi

úr hópi smærri veitufyrirtækja sem greiða innan við 1% af heildar árgjöldum til SAMORKU. Ekki má kjósa fleiri en tvo stjórnarmenn frá sömu fyrirtækjamstæðu.

Kjörtímabil stjórnarformanns og stjórnarmanna skal vera tvö ár. Formaður skal að jafnaði ekki sitja lengur samfelld en fjögur ár og aldrei lengur en í sex ár.

Hverfi aðili úr stjórn innan árs frá kjöri skal þá kjósa annan í hans stað á næsta aðalfundi til eins árs og tekur varamaður sæti hans fram að aðalfundi.

Á stjórnarfundum fer hver stjórnarmaður með eitt atkvæði. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða. Varamaður skal sitja stjórnarfundum í forföllum stjórnarmanns, en tvisvar á ári skulu allir aðal- og varamenn boðaðir til stjórnarfundar.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund og kysir sér varaformann.

Innan SAMORKU skulu starfa Ráðgjafaráð veitufyrirtækja og Ráðgjafaráð orkufyrirtækja. Ráðin skulu skipuð forsvarsmönnum veitufyrirtækja og orkufyrirtækja eða þeim fulltrúum sem þeir tilnefna í sinn stað til að taka þar sæti. Ráðgjafaráðin fjalla um hagsmunamál veitufyrirtækja og orkufyrirtækja og eru stjórn samtakanna til ráðgjafar um málefni þeirra.

Fagråd starfa á sérleyfissviðum samtakanna, eitt á hverju sviði. Aðalfélagar geta tilnefnt fulltrúa í fagråd á sínu sviði.

Til viðbótar framangreindum fastaráðum SAMORKU er stjórn heimilt að skipa önnur ráð og hópa til að vinna að afmörkuðum málefnum eða tímabundnum verkefnum.

Öll ráð og hópar skulu setja sér erindisbréf eða hlutverkalýsingu.

12. gr. - Endurskoðandi

Löggiltur endurskoðandi, sem kosinn er á aðalfundi, kannar reikninga samtakanna og skilar um þá skýrslu til stjórnar, eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund.

13. gr. - Stjórnarfundir

Stjórnarfundir skulu haldnir reglulega og jafnaði eigi sjaldnar en tíu sinnum á ári. Einstakir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri getur hvenær sem er farið fram á að stjórnarfundur sé haldinn. Formaður boðar fundi stjórnar eða framkvæmdastjóri umboði hans. Stjórnarfundur er því aðeins lögmætur að formaður eða varaformaður og minnst þrír meðstjórnendur sækir fund.

Stjórnin heldur fundargerðir um störf sín og setur sér starfsreglur.

14. gr. - Störf stjórnar

Stjórn SAMORKU fer með málefni samtakanna milli aðalfunda og samþykkir fjárhagsáætlun.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, en hann annað starfslíð. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur samtakanna og situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt nema fjallað sé um mál sem varða hann

persónulega. Stjórn setur framkvæmdastjóra starfsreglur.

15. gr. - Ársreikningur

Reikningsár skal vera almanaksárið.

Framkvæmdastjóri hefur umsjón með gerð ársreiknings SAMORKU og kemur honum með hæfilegum fyrirvara til þess löggilta endurskoðanda sem kjörinn var á næstliðnum aðalfundi. Ársreikningur skal lagður fyrir stjórn til staðfestingar að lokinni könnun endurskoðanda. Ársreikningurinn skal sendur félögum fyrir aðalfund og lagður fyrir hann til staðfestingar ásamt skýrslu löggilta endurskoðandans.

16. gr. - Félagsgjöld

Aðalfundur ákveður, að fengnum tillögum stjórnar, aðildargjöld félaga og gjaldstofn samkvæmt fjárhagsáætlun. Aðildargjöld reiknast sem hlutfall af tekjum af starfsemi raforkufyrirtækja, hitaveitna, vatnsveitna og fráveitna, á síðasta almanaksári, að fráðregnum virðisaukaskatti og öðrum opinberum gjöldum er reiknast beint á orku- eða vatnsverðið. Aðildargjöld reiknast einungis af veltu þeirrar starfsemi sem viðkomandi félag sinnir, ekki af veltu dótturfélaga. Aðalfundur ákveður lágmarks- og hámarksupphæð eða hlutfall félagsgjalda hvers félaga. Skal það endurskoðað árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Hver félagi skal fyrir 15. maí, ár hvert, senda stjórn SAMORKU sundurliðaða skýrslu um heildartekjur næsta ár á undan sbr. 1. mgr. Berist skýrslan ekki á réttum tíma, skal stjórnin áætla heildartekjurnar. Aðalfundur ákveður félagsgjöld aukafélaga, að fengnum tillögum stjórnar.

Félagsgjöld skulu innheimt í tvennu lagi og skal fyrri hluti þeirra falla í gjalddaga 15. febrúar ár hvert og seinni hluti þeirra 15. júlí ár hvert.

17. gr. – Fjárhagslegar skuldbindingar

Til að skuldbinda SAMORKU þarf heimild meirihluta stjórnarmanna, en stjórnin getur veitt færri stjórnarmönnum svo og aðilum utan stjórnar umboð til að skuldbinda samtökin þegar sérstaklega stendur á.

Stjórnin veitir prókúrumboð fyrir samtökin og skal framkvæmdastjóri hafa slíkt umboð. Prókúrumboð skulu skráð.

Samtökin bera ábyrgð á skuldbindingum sínum með tekjum sínum og eignum.

18. gr. - Úrsögn og brottvikning

Kjósi félagi að ganga úr SAMORKU ber að tilkynna stjórn skriflega um úrsögnina og tekur hún þá gildi tólf mánuðum síðar, við lok þess mánaðar. Þó er hvorki heimilt að segja sig úr samtökunum né fara úr þeim á meðan vinnudeila sem snertir hlutaðeigandi aðildarfélag stendur yfir.

Gerist félagi brotlegur við lög eða reglur SAMORKU, t.d. með því að vanrækja greiðslu á félagsgjaldi í 6 mánuði eða meira, má víkja honum úr samtökunum. Stjórnin tekur ákvörðun um brottvikningu, ef um aukafélaga er að ræða, en til þess að víkja félaga úr SAMORKU, verður slík tillaga að vera samþykkt með minnst 3/4 allra atkvæða félaga sem fara með atkvæði á aðalfundinum.

Aðvörðun um slíka tillögu skal senda hlutaðeigandi í ábyrgðarbréfi með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

19. gr. - Lagabreytingar

Um breytingu á lögum þessum skal fara fram skrifleg atkvæðagreiðsla á aðalfundi. Breytingartillögu skal kynna félögum minnst einum mánuði fyrir fundinn.

Afl atkvæða ræður úrslitum, en atkvæðagreiðsla er þó því aðeins gild, að minnst 3/4 allra atkvæða félaga sem fara með atkvæði á aðalfundinum hafi verið greidd.

20. gr. - Slit SAMORKU

Tillögu um slit SAMORKU skal leggja fram á sama hátt og hún fá sömu afgreiðslu og um lagabreytingu væri að ræða, þó þannig, að tillöguna skal ræða á tveimur aðalfundum.

Hafi slík tillaga hlotið samþykki, skal hrein eign samtakanna ganga til þáverandi félaga þannig að upphaflegt stofnfé, framreiknað fyrir áhrifum almennra verðlagsbreytinga, endurgreiðist félögum. Það eigið fé sem samtökin eiga umfram framreiknað stofnfé greiðist til þáverandi félaga í sömu hlutföllum og greiðsluhlutföll félagsgjalda segja til um. Sé eigið fé samtakanna lægra en framreiknað stofnfé skerðist endurgreiðsla um mismuninn. Skerðingin á framreiknað stofnfé skiptist á milli þáverandi félaga í sömu hlutföllum og greiðsluhlutföll félagsgjalda.

21. gr. - Gildistaka

Lög þessi taka gildi á stofnfundi og viðkomandi breytingar frá þeim aðalfundi (auka-aðalfundi) þar sem þær eru samþykktar nema annað sé tekið fram.

Samþykkt á stofnfundi 13. desember 1994

Breytt á 2. aðalfundi 14. mars 1997

Breytt á 3. aðalfundi 13. mars 1998

Breytt á aðalfundi 10. mars 2000

Breytt á aðalfundi 11. mars 2005

Breytt á aðalfundi 10. mars 2006

Breytt á aðalfundi 9. febrúar 2007

Breytt á aðalfundi 18. febrúar 2011

Breytt á auka-aðalfundi 16. október 2015

Breytt á aðalfundi 2. mars 2017

Breytt á aðalfundi 6. mars 2018

Breytt á aðalfundi 10. mars 2021

Breytt á aðalfundi 19. mars 2025

GREINARGERÐ

með breytingartillögum að lögum Samorku, lögð fyrir aðalfund Samorku 19. mars 2025

Inngangur

Á 321. fundi stjórnar Samorku þann 4. apríl 2024 var ákveðið að stjórnarmennirnir Sigurður Þór Haraldsson, Björk Þórarinsdóttir og Magnús Kristjánsson mundu leiða starf stjórnar við endurskoðun á lögum Samorku. Megintilgangur þessarar endurskoðunar væri að færa löginn í nútímalegra horf og nær raunverulegri starfsemi samtakanna, en ekki ætti að taka til endurskoðunar grundvallarþætti í starfsemi samtakanna eins og samsetningu stjórnar eða aðildargjöld.

Hópurinn hittist á 4 fundum á tímabilinu ágúst – október 2024. Breytingartillögurnar voru kynntar í stjórn og afgreiddar formlega af stjórn á fundi 6. febrúar 2025.

Í greinargerð þessari er gerð grein fyrir einstökum breytingartillögum og helstu röksemdir reifaðar.

2. gr.

Í inngangi 2. gr. er lagt til að bæta við orðunum „þar á meðal“ í upptalningu um fagsviðið raforku. Er það gert til að rýmka fagsviðið raforku þannig að það taki til annarrar starfsemi á sviði raforku en bara framleiðslu og sölu, flutnings og dreifingar. Rétt þykir að allir aðilar sem starfa á grundvelli raforkulaga og lúta eftirliti Raforkueftirlitsins geti verið aðilar að Samorku, nær það t.a.m. til allra aðila sem hafa leyfi til að stunda raforkuviðskipti, raforkumarkaða og þjónustuveitenda raforku. Þá kemur inn orðið „auk“ til að telja sérstaklega upp þau fagsvið sem ekki eru beintengd raforku. Áfram er gert ráð fyrir að formleg fimm fagsvið Samorku séu:

1. Raforkuflutningur og dreifing
2. Raforkuframleiðsla og sala
3. Hitaveita
4. Vatnsveita
5. Fráveita

Í upptalningu um tilgang samtakanna er lagt til að bæta við „styðja við menntun og framþróun menntunar á starfssviðum aðildarfélaga samtakanna“. Er það gert til að endurspegla betur áherslur samtakanna á menntun t.d. í gegnum eignarhlut Samorku í Tækniskólanum.

3. gr.

Í 1. mgr. 3. gr. eru gerðar sams konar breytingar og í 2. gr. til að endurspegla að aðilar geti verið allir þeir sem heyra undir raforkulög.

Í 2. mgr. 3. gr. er nafni kjörnefndar breytt í tilnefningarnefnd til samræmis við tillögu um breytingu á nafni og verkefnum núverandi kjörnefndar í 10. gr.

4. gr.

Um er að ræða orðalagsbreytingu sem þarfnast ekki skýringa.

5. gr.

Í 4. tl. um fjárhagsáætlun er bætt við „til kynningar“. Er það talið í betra samræmi við raunverulega starfsemi og rekstur samtakanna að það sé hlutverk stjórnar að samþykkja fjárhagsáætlun. Þá er eins og í öðrum rekstri fjárhagsáætlun næsta árs samþykkt af stjórn í lok ársins þar á undan. Það hefur þannig takmarkaða þýðingu að

aðalfundur samþykki fjárhagsáætlun í mars þegar þrír mánuðir er liðnir af fjárhagsárinu. Stjórn ber ábyrgð á fjárreiðum félagsins og því eðlilegt að fjárhagsáætlunargerð og samþykkt sé á hennar herðum. Ársreikningur er lagður fyrir aðalfund til samþykktar eins og hefðbundið er.

Bætt er við nýjum 6. tl. um að lögð skuli fram á aðalfundi tillaga um „laun stjórnarmanna“. Stjórnarmenn í Samorku fá greidd laun. Betra gagnsæi og aðhald felst í því að tillaga um laun stjórnarmanna sé borin upp árlega á aðalfundi, en ekki bara ef og þegar liggur fyrir tillaga um að breyta þeim.

Núverandi 6. tl. sem fjallar um „tillögur um breytingar á samþykktum“ er felldur út. Enginn munur er á lögum eða samþykktum Samorku og því nóg að aðalfundi taki fyrir „tillögur um lagabreytingar“ eins og mælt er fyrir um í 5. tl.

Í 7. tl. er kjörnefnd breytt í tilnefningarnefnd til samræmis við breytingartillögu á 10. gr.

Í 8. tl. er bætt við orðunum (annað hvort ár) fyrir aftan stjórnarformann. Er það gert til að taka af allan vafa um það að kjörtímabil stjórnarformanns er tvö ár rétt eins og annarra stjórnarmanna. Það sé því ekki kosið um stjórnarformann á hverjum aðalfundi heldur einungis annað hvort ár.

Í 9. tl. er kjörnefnd breytt í tilnefningarnefnd til samræmis við breytingartillögu á 10. gr.

Í kafla undir fyrirsögninni „Aðrir fundir“ eru gerðar eftirfarandi breytingar. Kveðið á um það að stjórn geti alltaf boðað til félagsfundar. Þá geti félagsmenn með 1/3 hluta atkvæða kallað eftir félagsfundi. Er hlutfallið lækkað úr 1/2 í 1/3 til að auka lýðræðið í samtökunum. Þannig á ekki að þurfa mjög háan þröskuld til að fá kallaðan saman aðalfund og ræða þar þau mál sem kunna að brenna á aðildarfélögum. Engar breytingar eru gerðar á kröfum til þess að breyta lögnum eða fyrir samþykktum á félagsfundi.

Þá er lagt til að lengja tímann fyrir fundarboð ef félagsmenn kalla eftir fundi, þannig að slíkur fundur sé haldinn innan 30 daga frá því að félagar óski eftir fundi. Er það gert til að hægt sé að boða til fundarins með 14 daga fyrirvara, eins og lagt er til að gildi almennt um boðun félagsfunda í 6. gr.

Þá er lagt til að síðustu tvær málsgreinarnar falli út. Annars vegar felst í þeim lýsing á starfsemi og tilgangi samtakanna sem ítarlega er fjallað um í 2. gr. Hins vegar á almenn umfjöllun um upplýsingafundi og ráðstefnur ekki heima í ákvæði um formreglur félagsfunda.

6. gr.

Í 6. gr. er lagt til að sú grein snúi að boðun félagsfunda almennt og þ.m.t. aðalfundar, en ekki að boðun annarra funda s.s. stjórnarfunda eða funda nefnda eða ráða. Þá er lagt til að félagsfundir skuli boðaðir með 14 daga fyrirvara, sem ætti almennt að teljast nóg og rímar við ákvæði í 5. gr. um að tiltekinn hluti félagsmanna geti óskað eftir félagsfundi sem skal þá haldinn innan 30 daga en stjórn skal þá boða til hans með a.m.k. 14 daga fyrirvara. Mögulega mætti horfa hér til þess að vera með ólíkan fyrirvara á fundarboðun aðalfundar og annarra félagsfunda, en með hliðsjón af því að aðalfundur er jafnframt bundinn af því að vera fyrir lok mars þá vita félagsmenn með sæmilegri vissu hvenær slíkur fundur er haldinn og 14 daga formlegur fyrirvari ætti að vera nóg.

Ákvæði um stjórn, nefndir og ráð eru í 11. gr. og þar á eftir í lögum Samorku og eðlilegt að þar sé fjallað um boðun og lögmæti þeirra funda eftir því sem við á.

Þá er bætt við 6. gr. ákvæðum um hlutverk fundarstjóra og fundarritara. Þetta tengist breytingu sem gerð er á 10. gr. og hlutverki kjörnefndar sem nú er lagt til að verði tilnefningarnefnd. Þannig er lagt til að kjörnefnd fari

ekki með neitt hlutverk varðandi lögmæti félagsfunda, heldur sé það í höndum fundarstjóra sem skuli kosinn á aðalfundi. Þá er skýrt kveðið á um lögmæti félagsfundar, þ.e. fundurinn er lögmætur ef rétt er til hans boðað.

8. gr.

Hér eru gerðar smávægilegar orðalagsbreytingar sem snúa fyrst og fremst að því að færa textann í átt að kynhlutlausu máli. Sambærilegar orðalagsbreytingar eru á fleiri stöðum í textanum, án þess að gerð sé sérstök grein fyrir því í greinargerð.

10. gr.

Lagðar eru til breytingar á hlutverki kjörnefndar og að hún verði formleg tilnefningarnefnd og fari með það hlutverk að gera tillögu til fundarins um kjör til stjórnar. Í raun hefur kjörnefnd aðeins að formi til haft hlutverki að gegna sem kjörnefnd, þ.e. að kanna hverjir sækja aðalfund og gefa skýrslu um það til fundarins. Eftir breytingar á greininni er gert ráð fyrir að það sé starfsfólk Samorku sem heldur utan um fundinn, í umboði stjórnar og félagsmanna, hefur yfirlit yfir það hverjir sækja aðalfund og hafa þar atkvæðisrétt. Það er svo eðli máls samkvæmt hlutverk fundarstjóra á aðalfundi að kveða á um lögmæti fundarins, stýra fundi og eftir atvikum atkvæðagreiðslum komi til þess.

11. gr.

Í 2. mgr. er bætt við setningunni „Kjörtímabil stjórnarformanns skal vera tvö ár.“ Er það í samræmi við breytingu í 5. gr. og í samræmi við hvernig málum hefur verið hagað. Í 11. gr. er skýrt tekið fram að kjörtímabil stjórnarmanna sé tvö ár, en ekki hefur verið skýrt hvort kjörtímabil stjórnarformanns sé líka tvö ár eða eitt. Þannig gefur núverandi 8. tl. 5. gr. það til kynna að kjósa skuli stjórnarformann á hverjum aðalfundi, þó það hafi ekki verið raunin.

Í 5. mgr. er lagt til að fella burt orðin ritari og gjaldkeri. Ritari og gjaldkeri hafa nú orðið engum formlegum hlutverkum að gegna í stjórn. Framkvæmdastjóri fer eðli máls samkvæmt með daglegan rekstur félagsins, stjórn samþykkir fjárhagsáætlun og ársreikning sem síðan er lagður fyrir aðalfund. Þannig er í raun ekki þörf á sérstökum gjaldkera í félaginu og óljóst hvaða hlutverk eða ábyrgð hann fer með. Sama gildir um ritara.

Þá er í 7. mgr. lagt til að gera breytingar á tilnefningum í fagråd sem væri í meira samræmi við það hvernig þau raunverulega starfa. Stjórn hefur ekki komið formlega að tilnefningum í fagråd heldur gengið út frá því að allir aðalfélagar geti átt fulltrúa í fagráði. Þá er að sama skapi lagt til að fella á brott ákvæði um að í hverju fagráði sitji að jafnaði fimm fulltrúar. Í fagráðunum sitja almennt fleiri eða allt upp í 12 aðilar og þykir ekki sérstakt tilefni til að takmarka það.

Að lokum er lagt til í þessari grein að fella brott ákvæði um að starfskjör stjórnarmanna ákveðist af aðalfundi enda er ákvæði þess efnis komið inn í 5. gr. í upptalningu á því sem taka skal fyrir á aðalfundi.

13. gr.

Lagt er til að skerpa á ákvæðum um stjórnarfundi og boðun þeirra og mælt fyrir um að stjórn skuli setja sér starfsreglur. Stjórn setti sér starfsreglur árið 2023.

14. gr.

Í 14. gr. eru lagðar til breytingar sem eru í takt við aðrar breytingar á samþykktunum og snúa að því hvernig ábyrgð á fjármálum, fjármunum og daglegum rekstri samtakanna er háttað. Þar sem samþykkt fjárhagsáætlunar er formlega tekin af aðalfundi er hún færð til stjórnar. Þá er gert ráð fyrir að stjórn ráði framkvæmdastjóra en hann annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri starfar að sjálfsögðu í umboði stjórnar, er bundinn af fjárhagsáætlun sem stjórn hefur samþykkt og mundi því eðli máls samkvæmt upplýsa og ráðfæra sig við stjórn varðandi ráðningu starfsfólks. En í ljósi þess að framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur þykir

eðlilegt að hann hafi heimild til að ráða starfsfólk og ákveða þeim laun. Stjórn hefur samþykkt starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra og er kveðið á um það hlutverk stjórnar í 14. gr.

15. gr.

Lagt er til að einfalda orðalag um að stjórn fái ársreikning til staðfestingar, en í þessari breytingartillögu felast ekki efnislegar breytingar.

17. gr.

Lagt er til að 1. mgr. falli á brott. Stjórn ber ábyrgð á því að gera fjárhagsáætlun fyrir samtökin. Eins og það orð gefur til kynna er það áætlun, sem getur af ýmsum ástæðum raskast og ber stjórn ábyrgð á fjárreiðum samtakanna og starfi milli aðalfunda og þar með að ráðast ekki í skuldbindingar sem ekki eru í samræmi við tilgang samtakanna eða ekki eru nægilega fjármagnaðar. Þá gengur það trauðla að stjórn (og framkvæmdastjóri) geti ekki skuldbundið samtökin fyrstu þrjá mánuði ársins þar til fjárhagsáætlun væri samþykkt á aðalfundi í mars.

Þá er lögð til sú breyting á 2. mgr. 17. gr. að meirihluti stjórnarmanna geti skuldbundið samtökin, í stað stjórnarformanns og þriggja stjórnarmanna eins og ákvæðið er nú. Er sú tillaga sett fram þar sem í henni felst lýðræðislegra fyrirkomulag en að stjórnarformaður hafi í raun neitunarvald varðandi skuldbindingu samtakanna. Þá er orðalagi breytt í ákvæðinu á þann veg að „heimild“ meirihluta stjórnar þurfi, en ekki undirskrift. Þannig er skýrt kveðið á um að slíka heimild sé hægt, eins og eðlilegt er, að afgreiða á stjórnarfundi og fela þannig framkvæmdastjóra eða öðrum að ganga frá undirritunum e.a.

18. gr.

Hér er lögð til orðalagsbreyting sem þarfnast ekki skýringa.

20. gr.

Hér er lögð til orðalagsbreyting sem þarfnast ekki skýringa.